

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1014/2010**2017/EES/40/07****frá 10. nóvember 2010****um vöktun og skýrslugjöf gagna um skráningu nýrra fólksbifreiða samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 frá 23. apríl 2009 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra fólksbifreiða sem hluta af samþættri stefnu Bandalagsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum ⁽¹⁾, einkum fyrstu undirgrein 9. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 skulu aðildarríki árlega skrá og senda tiltekin gögn til framkvæmdastjórnarinnar um nýjar fólksbifreiðar sem skráðar eru á yfirráðasvæði þeirra á næstliðnu ári. Þar sem þessi gögn eru grundvöllur fyrir ákvörðun markmiða um sértæka losun koltvísýrings fyrir framleiðendur nýrra fólksbifreiða og fyrir mat á því hvort að framleiðendur uppfylli þessi markmið, er nauðsynlegt að samræma reglurnar um söfnun þessara gagna og skýrslugjöf um þau.
- 2) Til þess að meta til fulls hvort að hver framleiðandi uppfylli markmið sitt um sértæka losun koltvísýrings, sem ákvarðað er samkvæmt reglugerð (EB) nr. 443/2009 og til að fá nauðsynlega reynslu af beitingu þeirrar reglugerðar, þarf framkvæmdastjórnin ítarleg gögn frá framleiðendum fyrir hverja framleiðsluröð ökutækis, skilgreint eftir gerð, afbrigði og útfærslu. Aðildarríki skulu því tryggja að slík gögn séu skráð og send framkvæmdastjórninni ásamt samanteknum gögnum í samræmi við 2. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar.
- 3) Samkvæmt 18. og 26. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki ⁽²⁾, skal framleiðandi tryggja að hverri nýrri fólksbifreið, sem er sett á markað í ESB, fylgi gilt samræmisvottorð og að

aðildarríki geti ekki skráð slíkt ökutæki nema að því fylgi slíkt samræmisvottorð. Því er rökrétt að samræmisvottorðið sé helsta heimildin fyrir upplýsingunum, sem aðildarríkjunum ber að skrá og hafa tiltækar fyrir framleiðendur skv. 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 og gefa skýrslu um til framkvæmdastjórnarinnar. Til að leyfa aðildarríkjunum að nota upplýsingar frá öðrum heimildum en samræmisvottorðinu, eins og tilgreint er í 26. forsendu reglugerðar (EB) nr. 443/2009, í þeim tilgangi að ljúka við það ferli þegar ný fólksbifreið er skráð og tekin í notkun, þykir rétt að ákveða hvaða önnur skjöl teljist vera jafn nákvæm og ætti því að leyfa aðildarríkjunum að nota.

- 4) Mikilvægt er að gögnin um skráningu nýrra fólksbifreiða séu nákvæm og hægt sé að vinna úr þeim á skilvirkan hátt í þeim tilgangi að ákveða markmiðið um sértæka losun í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009. Framleiðendur skulu því veita framkvæmdastjórninni uppfærðar upplýsingar um nöfn og fyrsta hluta verksmiðjunúmers ökutækis, eins og tilgreint er í tilskipun ráðsins 76/114/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna um lögboðnar merkiplötur og áletranir á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra, staðsetningu þeirra og uppsetningu ⁽³⁾, sem eru notaðar á samræmisvottorðunum í mismunandi skráningaráðildarríkjunum. Þessar upplýsingar gera framkvæmdastjórninni kleift að útvega aðildarríkjunum uppfærða skrá yfir heiti tiltekinna framleiðenda sem nota skal vegna skýrslugjafar um gögn.
- 5) Aðildarríki skulu skrá og gefa skýrslu um upplýsingar um nýskráð ökutæki sem eru hönnuð til að ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti. Til þess að framkvæmdastjórnin geti tekið tillit til þess að dregið sé úr markmiði um sértæka losun vegna notkunar etanóleldsneytis (E85) í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 skulu aðildarríki veita framkvæmdastjórninni nauðsynlegar upplýsingar, þ.m.t. um fjölda áfyllistöðva á yfirráðasvæði þeirra og, eftir atvikum, heildarfjölda þeirra sem bjóða upp á etanóleldsneyti (E85) og uppfylla viðmiðanir um sjálfbærni sem settar eru fram í

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 293, 11.11.2010, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2017 frá 16. júní 2017 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtuð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 1.

(2) Stjtuð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

(3) Stjtuð. EB L 24, 30.1.1976, bls. 1.

tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23 apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB ⁽¹⁾ og 7. gr. b í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og díseldsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE ⁽²⁾.

- 6) Í 23. og 24. gr. tilskipunar 2007/46/EB er kveðið á um einfaldaða viðurkenningaráðferð þar sem þess er ekki krafist að gefið sé út evrópskt samræmisvottorð. Aðildarríkin skulu vakta fjölda ökutækja sem skráð eru samkvæmt þessum áðferðum til þess að meta áhrif þeirra á vöktunarferlið og hvort að meðaltali ESB um markmið vegna losunar koltvísýrings sé náð fyrir flota nýrra fólksbifreiða.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Auk skilgreininganna, sem settar eru fram í 2. og 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009, er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „gerðarviðurkenningarskjöl“: skjöl sem innihalda gögnin sem eru tilgreind í þriðja dalki töflunnar sem er sett fram í I. viðauka við þessa reglugerð,
- 2) „samantekin vöktunargögn“: samanteknu gögnin sem tilgreind eru í fyrstu töflu í C-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 443/2009,
- 3) „ítarleg vöktunargögn“: ítarlegu gögnin sem tilgreind eru í annarri töflu í C-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 443/2009, sem eru aðgreind eftir framleiðanda og framleiðsluröð ökutækisins eins og skilgreint er eftir gerð, afbrigði og útfærslu,
- 4) „grunnökutæki“: eins og það er skilgreint í 18. mgr. 3. gr. tilskipunar 2007/46/EB,
- 5) „gasknúið ökutæki sem knýja má með tveimur eldsneytistegundum“ og „etanólknúið ökutæki sem knýja má með fjölblöndueldsneyti“: eins og skilgreint er í 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 ⁽³⁾.

2. gr.

Gagnasending

Aðildarríkin skulu senda samanteknu vöktunargögnin ásamt ítarlegu vöktunargögnunum á rafrænan hátt í miðlæga gagnasafnið sem Umhverfisstofnun Evrópu stýrir. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þegar gögnin eru send.

3. gr.

Gagnagjafi

1. Án tillits til gagnagjafans, sem hvert aðildarríki notar til að undirbúa samanteknu vöktunargögnin og ítarlegu vöktunargögnin, skulu þessi gögn byggjast á upplýsingum, sem eru í samræmisvottorði viðkomandi fólksbifreiðar eða gerðarviðurkenningarskjölunum, ásamt upplýsingunum sem tilgreindar eru í III. og VIII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB eins og tilgreint er í töflunni í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Mæliþátturinn „heildarfjöldi nýrra skráninga“ í ítarlegu vöktunargögnunum skal ákvarðaður út frá heildarfjölda skráninga sem verða til á hverju ári í tengslum við einstök ökutæki.

3. Þegar fleiri en eitt heiti framleiðanda er á samræmisvottorðinu eða gerðarviðurkenningarskjölunum skal aðildarríkið tilgreina framleiðanda grunnökutækisins.

4. Losunargildi koltvísýrings, sem tilkynna skal samkvæmt mæliþættinum „sértæk losun koltvísýrings“ í ítarlegu vöktunargögnunum, skal fengið í færslunni „blandaður akstur“ í samræmisvottorðinu eða gerðarviðurkenningarskjölunum, nema í þeim tilvikum sem færslan fyrir „veginn blandaður akstur“ á við.

5. Þegar tilgreind eru ökutæki, sem ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti, í ítarlegu vöktunargögnunum, skal lögbært yfirvald útvega upplýsingar um tegund eldsneytis og eldsneytisham eins og tilgreint er í I. viðauka við þessa reglugerð.

6. Ef um er að ræða gasknúin ökutæki sem knýja má með tveimur eldsneytistegundum eða etanólknúin ökutæki sem knýja má með fjölblöndueldsneyti, skal lögbært yfirvald tilgreina eftirfarandi losunargildi koltvísýrings samkvæmt mæliþættinum „sértæk losun koltvísýrings (g/km)“ í ítarlegu vöktunargögnunum:

- a) fyrir gasknúin ökutæki sem knýja má með tveimur eldsneytistegundum, sem ganga fyrir bensíni og loftkenndu eldsneyti, losunargildi koltvísýrings fyrir fljótandi jarðolíugas (LPG) eða jarðgas (NG) í samræmi við 2. lið í A-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 443/2009,
- b) fyrir etanólknúin ökutæki sem knýja má með fjölblöndueldsneyti, sem ganga fyrir bensíni og etanóli (E85), sem um getur í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009, losunargildi koltvísýrings fyrir bensín.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1.

Í tilvikum þar sem b-liður gildir skulu aðildarríkin einnig tilgreina gildið fyrir bensín þegar skilyrðin um að draga úr losun, sem sett eru fram í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009, eru ekki uppfyllt. Aðildarríkjunum er þó heimilt að tilgreina einnig gildið fyrir E85.

7. Þegar ökutæki eru með sporvidd áss í mismunandi breidd skulu aðildarríkin tilgreina hámarksbreidd áss samkvæmt mælipættinum „grunnflötur — sporvidd (mm)“ í ítarlegu vöktunargögnunum.

8. Þegar samanteknu vöktunargögnin og ítarlegu vöktunargögnin eru fengin úr gerðarviðurkenningarskjölunum, og þegar þessi gögn fela í sér gildisbil, skulu aðildarríkin tryggja að tilgreind gögn séu nægilega nákvæm og að þau séu í samræmi við gögnin í samræmisvottorðinu.

4. gr.

Viðhald og eftirlit gagna

Aðildarríkin skulu tryggja viðhald, söfnun, eftirlit, sannprófun og sendingu samanteknu vöktunargagnanna og ítarlegu vöktunargagnanna.

5. gr.

Undirbúningur aðildarríkja á gögnum

1. Þegar aðildarríkin reikna út sértæka meðaltalslosun koltvísýrings, sem skal taka með í samanteknu vöktunargögnunum, skulu þau ekki taka tillit til eftirfarandi:

- a) hundraðshlutanna, sem mælt er fyrir um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009,
- b) sérstöku ívilnananna, sem mælt er fyrir um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009,
- c) minnkunar á losun koltvísýrings sem heimiluð er í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009,
- d) minnkunar á losun koltvísýrings sem er náð með nýsköpunartækni í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009.

2. Þegar aðildarríkin reikna út meðalmassa og meðalgrunnflöt, sem skal taka með í samanteknu vöktunargögnunum, skulu þau ekki taka tillit til eftirfarandi:

- a) hundraðshlutanna, sem mælt er fyrir um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009,
- b) sérstöku ívilnananna, sem mælt er fyrir um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009.

3. Þegar aðildarríkin taka saman ítarlegu vöktunargögnin skulu þau taka með:

- a) fyrir hvert ökutæki með sértæka losun koltvísýrings, sem er minni en 50 g af koltvísýringi á kílómetra fjölda skráðra ökutækja án þess að notaðir séu margföldunarstuðlarnir, sem mælt er fyrir um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009,
- b) fyrir hvert ökutæki, sem er hannað til að ganga fyrir etanóleldsneyti (E85), sértæka losun koltvísýrings án þess að nýta þá 5% minnkun á losun koltvísýrings, sem er heimil fyrir slík ökutæki í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009,
- c) fyrir hvert ökutæki sem búið er nýsköpunartækni, sértæka losun koltvísýrings án þess að taka tillit til minnkunar á losun koltvísýrings með nýsköpunartækni, sem heimiluð er í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009.

4. Samanteknu vöktunargögnin og ítarlegu vöktunargögnin skulu tilgreind með nákvæmninni sem sett er fram í töflu 1 og 2 í II. viðauka við þessa reglugerð.

6. gr.

Tilgreining áfyllistöðva sem selja etanóleldsneyti (E85)

1. Veita skal framkvæmdastjórninni upplýsingar á rafrænu formi um hlutfall áfyllistöðva á einstökum yfirráðsvæðum aðildarríkjanna, sem selja etanóleldsneyti (E85) og uppfylla viðmiðanir um sjálfbærni fyrir lífoldsneyti, sem settar eru fram í 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB og í 7. gr. b í tilskipun 98/70/EB, ásamt samanteknu vöktunargögnunum.

Hlutfall áfyllistöðva skal tilgreina í 5% bilum og námunda niður að næstu 5%.

2. Þegar hlutfall áfyllistöðva, sem selja etanóleldsneyti (E85), fer yfir 30% skulu aðildarríkin upplýsa framkvæmdastjórnina um heildarfjölda áfyllistöðva, sem selja etanóleldsneyti (E85) sem er fánlegt á sama hátt og annað fljóttandi vetniskolefnaeldsneyti og sem fullnægir viðmiðunum um sjálfbærni sem um getur í 1. mgr.

3. Upplýsingarnar, sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr., skulu lagðar fram hjá framkvæmdastjórninni eigi síðar en 28. febrúar ár hvert.

Þegar framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum innan 3 mánaða frá því að hún fær upplýsingarnar, sem veittar eru skv. 2. mgr. þessarar greinar, gildir minnkunin sem kveðið er á um í 6. gr. reglugerðar nr. 443/2009.

7. gr.

Ökutæki sem falla ekki undir EB-gerðarviðurkenningu

1. Þegar fólksbifreiðar falla undir landsbundna gerðarviðurkenningu lítillar framleiðsluraðar í samræmi við 23. gr. tilskipunar 2007/46/EB eða undir einstakar viðurkenningar í samræmi við 24. gr. þeirrar tilskipunar, skulu aðildarríki upplýsa framkvæmdastjórnina um fjölda slíkra bifreiða, sem skráðar eru á yfirráðasvæði þeirra.

2. Við samantekt samanteknu vöktunargagnanna skal lögbært yfirvald tilgreina eitt af eftirfarandi, í staðinn fyrir heiti framleiðanda:

- „AA-IVA“ til að tilkynna um gerð ökutækis sem hefur einstaka viðurkenningu,
- „AA-NSS“ til að tilkynna um gerð ökutækis sem hefur landsbundna viðurkenningu í lítilli framleiðsluröð.

Aðildarríki geta einnig lagt fram ítarleg vöktunargögn fyrir þessi ökutæki og skulu í þeim tilvikum nota heitin sem um getur í a- og b-lið.

8. gr.

Skrá yfir framleiðendur

1. Framleiðendur skulu eigi síðar en 15. desember 2010 tilkynna framkvæmdastjórninni um eftirfarandi:

- heitin sem þeir tilgreina eða hyggjast tilgreina á samræmisvottorðunum,
- fyrsta hluta allra verksmiðjunúmera ökutækis eins og tilgreint er í tilskipun 76/114/EBE sem þeir tilgreina eða hyggjast tilgreina á samræmisvottorðunum.

Þeir skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um allar breytingar á upplýsingunum sem um getur í a- og b-lið. Nýir framleiðendur, sem koma á markaðinn, skulu án tafar tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2010.

2. Þegar gengið er frá samanteknu vöktunargögnunum og ítarlegu vöktunargögnunum skal lögbært yfirvald nota heiti framleiðendanna, sem koma fram í skránni, sem framkvæmdastjórnin skal gera á grundvelli heitanna, sem tilkynnt er um skv. 1. mgr. Skráin skal birt á Netinu í fyrsta skipti 31. desember 2010 og uppfærð reglulega.

3. Þegar heiti framleiðanda kemur ekki fram í þeirri skrá skal lögbært yfirvald nota heitið á samræmisvottorðinu eða á gerðarviðurkenningarskjalinu í þeim tilgangi að ganga frá samanteknu vöktunargögnunum og ítarlegu vöktunargögnunum.

9. gr.

Viðbótarupplýsingar sem framleiðendum ber að veita

1. Að því er varðar tilkynninguna, sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009, skulu framleiðendur, eigi síðar en 31. maí ár hvert, tilkynna framkvæmdastjórninni um viðeigandi nafn og heimilisfang tengiliðsins sem tilkynningin skal send til.

Ef um er að ræða breytingar á gögnunum sem hafa verið afhent skal framleiðandinn tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkt án tafar. Nýir framleiðendur sem koma á markaðinn skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um nafn og heimilisfang tengiliðar síns.

2. Þegar hópur tengdra fyrirtækja myndar samlag skal hann, í þeim tilgangi að ákveða hvort ákvæði 6. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 gildi, sýna framkvæmdastjórninni fram á tengslin á milli aðila hópsins í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar.

10. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Gagnagjafar

Mælipáttur	Samræmisvottorð (1. hluti, fyrirmynd B, sem sett er fram í IX. viðauka við tilskipun 2007/46/EB)	Gerðarviðurkenningarskjöl (Tilskipun 2007/46/EB)
Framleiðandi	Liður 0.5	Liður 0.5 í 1. hluta III. viðauka
Gerð	Liður 0.2	Liður 0.2 í 1. hluta III. viðauka
Afbrigði	Liður 0.2	3. liður VIII. viðauka
Útfærsla	Liður 0.2	3. liður VIII. viðauka
Tegund	Liður 0.1	Liður 0.1 í 1. hluta III. viðauka
Verslunarheiti	Liður 0.2.1	Liður 0.2.1 í 1. hluta III. viðauka
Flokkur viðurkenndrar ökutækjagerðar	Liður 0.4	Liður 0.4 í 1. hluta III. viðauka
Massi (kg)	til 29. apríl 2010: Liður 12.1 frá 30. apríl 2010: Liður 13	Liður 2.6 í 1. hluta III. viðauka ⁽¹⁾
Grunnflötur — Hjólhaf (mm)	til 29. apríl 2010: Liður 3 frá 30. apríl 2010: Liður 4	Liður 2.1 í 1. hluta III. viðauka ⁽²⁾
Grunnflötur — Sporvidd (mm)	til 29. apríl 2010: Liður 5 frá 30. apríl 2010: Liður 30	Liður 2.3.1 og 2.3.2 í 1. hluta III. viðauka ⁽³⁾
Sértæk losun koltvísýrings (g/km) ⁽⁴⁾	til 29. apríl 2010: Liður 46.2 frá 30. apríl 2010: Liður 49.1	3. liður VIII. viðauka
Tegund eldsneytis	til 29. apríl 2010: Liður 25 frá 30. apríl 2010: Liður 26	Liður 3.2.2.1 í 1. hluta III. viðauka
Eldsneytishamur	frá 30. apríl 2010: Liður 26.1	Liður 3.2.2.4 í 1. hluta III. viðauka

⁽¹⁾ Í samræmi við 8.mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.

⁽²⁾ Í samræmi við 8.mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.

⁽³⁾ Í samræmi við 7. og 8.mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.

⁽⁴⁾ Í samræmi við 4.mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.

II. VIÐAUKI

Tölur yfir nákvæmni gagna

Tafla 1

Kröfur um nákvæmni samantekinna vöktunargagna sem tilkynna skal í samræmi við 2. gr.

CO ₂ (g/km)	Í samræmi við aðra undirgrein í 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009
Massi (kg)	Heitala
Grunnflötur (m ²)	Námundað að næstu þremur tugastöfum

Tafla 2

Kröfur um nákvæmni ítarlegra vöktunargagna sem tilkynna skal í samræmi við 2. gr.

CO ₂ (g/km)	Heitala
Massi (kg)	Heitala
Grunnflötur — Hjólhaf (mm)	Heitala
Grunnflötur — Sporvidd (mm)	Heitala
Dregið úr losun með nýsköpunartækni (g/km)	Námundað að næsta tugasæti